

# Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

## 1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

<b>1.1 Vörukenni:</b>	<b>Bremsuúði 200ml</b>		
<b>Vörunúmer:</b>	<b>LM3074</b>		
<b>1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:</b>	Úðafni sem stöðvar bremsuískur.		
<b>Viðeigandi notkun</b>	Engar upplýsingar fyrirbyggjandi.		
<b>Notkun sem ráðið er frá</b>			
<b>1.3 Söluaðili:</b>	<b>Stilling ehf</b>	<b>Framleiðandi:</b>	LIQUI MOLY GmbH
	Kletthálsi 5		Jerg-Wieland Strasse 4
	110 Reykjavík		D-89081 Ulm-Lehr
			Þýskaland
<b>Sími:</b>	5208000		00-49-731-1420-0
<b>Netfang:</b>	<a href="mailto:stilling@stilling.is">stilling@stilling.is</a>		<a href="mailto:info@liqui-moly.de">info@liqui-moly.de</a>
<b>Veffang:</b>	<a href="http://www.stilling.is">www.stilling.is</a>		<a href="http://www.liqui-moly.de">www.liqui-moly.de</a>
<b>1.4 Neyðarsímanúmer:</b>	Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.		

## 2. Hættugreining

### 2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H222	Úðabrúsi með afar eldfimum efnum	Eldf.úðafni 1
H229	Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun	Úðabr.1
H315	Veldur húðertingu	Húðert.2
H318	Veldur alvarlegum augnskaða	Augnskað.1

### 2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki:

Viðvörðunarorð: **HÆTTA**

Hættusetningar

H222	Úðabrúsi með afar eldfimum efnum
H229	Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun
H315	Veldur húðertingu
H318	Veldur alvarlegum augnskaða

Varnaðarsetningar

P101	Ef leita þarf læknis skal hafa umbúðir eða umbúðamerkingar tiltækar.
P102	Geymist þar sem börn ná ekki til
P210	Haldið frá hitagjöfum, neistagjöfum, opnum eldi og heitum flötum. - Reykingar bannaðar.
P211	Má ekki úða á opinn eld eða annan hita- og neistagjafa.
P251	Þrýstihylki: Ekki má gata eða brenna hylki jafnvel þótt þau séu tóm.
P280	Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlífur/andlitshlífur.
P305+P351+P338	BERIST EFNID Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.

P310 Hringið umsvifalaust í EITRUNARMÍÐSTÖÐ/lækni.  
P410+P412 Hlífið við sólarljósi. Hlífið við hærri hita en 50 °C.

**Inniheldur:** Kalsíumhýdroxíð.

Sprengihætta við upphitun.  
Getur myndað sprengifimar blöndur með lofti, sé loftræsting ófullnægjandi.

**2.3 Aðrar hættur:** Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB (0,1%).  
*Sjá einnig 11. og 15. lið.* (PBT: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. vPvB: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

### 3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

**3.1 Efni:** Á ekki við

**3.2 Blöndur:** Úðabrusi.

Kalsíumhýdroxíð			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	10 - < 20
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	Xi
EINECS, ELINECS	215-137-3	H-setningar	H37/38, H41
CAS	1305-62-0	Flokkun, hættumerking	Ertandi
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Húðert.2 - H315, Augnskað.1 - H318, SEM-VES 3 - H335			

Eimi (úr jarðolíu), vetnismeðhöndluð, þung, parafínaúðug			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119484627-25	Innihald %	1 - < 20
Raðnúmer	649-467-00-8	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	265-157-1	H-setningar	-
CAS	64742-54-7	Flokkun, hættumerking	Ekki flokkað
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eit.v.ásvelg.1 - H304			

**Annað:**

*Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfæribreytur í 8. lið.*

### 4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

**4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:**

<b>Almennt</b>	Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið lækni/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita lækni.
<b>Innöndun</b>	Tryggið ferskt loft. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótt. Meðhöndlun eftir einkennum.
<b>Snerting við húð</b>	Hreinsið húð strax vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið lækni verði vart við ertingu.
<b>Snerting við augu</b>	Skolið varlega með miklu vatni og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolon. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótt.
<b>Inntaka</b>	Gefið mikið vatn að drekka. Framkallið ekki uppköst. Leitið strax lækni. Sýnið öryggisblaðið.

**4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:**

Sjá lýsingu í lið 11. Birtingu einkenna getur seinkað um allmargar klukkustundir.  
Einkenni: Erting í augum, hósti, erting og þurrkur í húð.

**4.3 Upplýsingar um tafarlausa lækniúmmönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:**

Meðferð sé samkvæmt einkennum.

### 5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

**5.1 Slökkvibúnaður:**

Hentugur slökkvibúnaður: Koldíoxíð, slökkviduft, froða, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða.

Óhentugur slökkvibúnaður: -

## 5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við bruna geta myndast: kolmónoxíð, málmoxíð, eitruð niðurbrotsefni. Sprengihætta við upphitun. Getur myndað sprengifimar blöndur með lofti.

## 5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Forðist innöndun gufu og reyks við bruna. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6.lið og fargið skv.13.lið.

# 6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

## 6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði. Fjarlægjið alla hita- eld- og neistagjafa. Reykið ekki.

## 6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka sé það unnt án áhættu. Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

## 6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Við losun gufu skal tryggja góða loftræstingu. Gerið varnargarða og notið óbrennanleg ísogsefni svo sem sand, kísilgúr eða jarðveg. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið.

## 6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 8. og 13.

# 7. Meðhöndlun og geymsla

## 7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Reykið ekki. Getur myndað sprengifimar blöndur með lofti, sé loftræsting ófullnægjandi. Fjarlægjið eld- og neistagjafa. Forðist hátt hitastig. Notið ekki í lokuðum rýmum. Úðið ekki á heita fleti. Losið ekki í niðurföll. Fylgið notkunarleiðbeiningum.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið viðeigandi persónuhlífar, öndunarbúnað, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

## 7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum og eldvörðum stað. Gufa er þyngri en loft og getur legið með gólfi. Forðist hátt hitastig (>50°C), beint sólarljós, opinn eld og aðra íkveikjuvalda.

## 7.3 Sértæk, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2

# 8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

## 8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m3	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m3	Annað
Kalsíumhýdroxíð		5			WEL
Própan	1000				WEL
Bútan	600	1450	750	1810	WEL
Títandíoxíð (allt ryk)		10			WEL
Títandíoxíð (ryk sem berst í lungu)		4			WEL

WEL = Work Exposure Limit - Langtíamörk váhrifa (8 klst/dag).

Eimi (úr jarðolíu), vetnismeðhöndluð, þung, parafínaúðug					
Notkunarsvið vöru	Snertileið	Lýsing áhrifa	Mæliaðferð	Gildi	Eining
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	5,4	mg/m3
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	1,2	mg/m3
	Umhverfi, dýrafóður		PNEC	9,33	mg/kg

Kalsíumhýdroxíð					
Notkunarsvið vöru	Snertileið	Lýsing áhrifa	Mæliaðferð	Gildi	Eining
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Skammtíma, staðbundið	DNEL	4	mg/m <sup>3</sup>
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma, staðbundið	DNEL	1	mg/m <sup>3</sup>
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Skammtíma, staðbundið	DNEL	4	mg/m <sup>3</sup>
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Langtíma, staðbundið	DNEL	1	
	Umhverfi, sjór		PNEC	320	µg/l
	Umhverfi, ferskvatn		PNEC	490	µg/l
	Umhverfi, hreinsistöð		PNEC	3	mg/l
	Umhverfi, jarðvegur		PNEC	1080	mg/kg

Títandíoxíð					
Notkunarsvið vöru	Snertileið	Lýsing áhrifa	Mæliaðferð	Gildi	Eining
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma, staðbundið	DNEL	10	mg/m <sup>3</sup>
Neytendatengt	Fólk, inntaka	Langtíma	DNEL	700	mg/kg/likamsþ/d
Umhverfi	Sjór		PNEC	1	mg/l
Umhverfi	Ferskvatn		PNEC	0,127	mg/l
Umhverfi	Vatn ósamf. losun		PNEC	0,61	mg/l
Umhverfi	Hreinsistöðvar		PNEC	100	mg/l
Umhverfi	Ferskvatn set		PNEC	1000	mg/kg
Umhverfi	Sjór set		PNEC	100	mg/kg

## 8.2 Váhrifavarnir:

### Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum.

Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnaskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörinni fjarri matvörum.

### Persónuhlífar

#### Augnhlífar

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn. (EN166)

#### Húð - hendur

Notið efnaþolna hlífðarhanska úr nitrílgúmmí. (EN374 >=0,4mm, gegnstreymistími >480 mín.). Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnu gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur.

#### Húð - annað

Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar og öryggisskófátnaðar. (EN20345).

#### Öndunarfæri

Að jafnaði er ekki þörf á notkun öndunarhlífa.

## 9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

### 9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi (aerosol)
Lykt:	Einkennandi
Litur:	Skv. vörulýsingu
Sprengifimi:	Varan er ekki sprengifim, en gufa getur myndað afar eld- og sprengifimar blöndur með lofti.
Oxandi eiginleikar:	Nei

### 9.2 Aðrar upplýsingar:

## 10. Stöðugleiki og hvarfgirni

### 10.1 Hvarfgirni:

Varan hefur ekki verið prófuð.

### 10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

### 10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Engin þekkt.

### 10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hátt hitastig, opinn eldur, og aðrir íkveikjuvaldar. Sprengihætta við upphitun.

### 10.5 Ósamrýmanleg efni:

Oxarar.

### 10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna geta myndast: kolmónoxíð, málmoxíð, eitruð niðurbrotsefni. Sprengihætta við upphitun. Getur myndað sprengifimar blöndur með lofti.

## 11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

### 11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Kalsíumhýdroxíð					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrif, inntaka	LD <sub>50</sub>	>2000	mg/kg	rotta	OECD 425
Bráð eiturrif, ísog um húð	LD <sub>50</sub>	>2500	mg/kg	kanína	OECD 402
Húðæting/erting		Ertandi			
Alvarlegur augnskaði		Hætta á alvarlegum augnskaða, mikil erting			
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt			
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt			OECD 471
Krabbamein		Neikvætt		rotta	
Eitrun æxlunarfæra		Neikvætt		mús	
Ertung öndunarfæra		Veldur ertingu			
Einkenni	Öndunarferfiðleikar, höfuðverkur, þorsti, sóthiti, vanlíðan, þreyta, erting í slímhúðum, særindi í hálsi				

Eimi (úr jarðolíu), vetnismeðhöndluð, þung, parafinauðug					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrif, inntaka	LD <sub>50</sub>	>5000	mg/kg	rotta	OECD 401
Bráð eiturrif, ísog um húð	LD <sub>50</sub>	>5000	mg/kg	rotta	OECD 402
Bráð eiturrif, innöndun	LC <sub>50</sub>	>5,53	mg/l/4 klst	rotta	OECD 403
Húðæting/erting		Neikvætt		kanína	
Alvarlegur augnskaði		Neikvætt		kanína	
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt		hamstur	
Ásvelgingarhætta		já			
Helstu einkenni	Öndunarferfiðleikar, meðvitundarleysi, niðurgangur, hósti, þreyta, svimi, ógleði, uppköst				

Própan					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrif, innöndun	LC <sub>50</sub>	658	mg/l/4 klst	rotta	
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt			OECD 471
Einkenni	Öndunarferfiðleikar, svimi, meðvitundarleysi, kal, erting í slímhúðum, krampi, svimi, vanlíðan, uppköst.				

Bútan					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrif, innöndun	LC <sub>50</sub>	658	mg/l/4 klst	rotta	
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt			OECD 471
Einkenni	Skortur á samhæfingu, öndunarferfiðleikar, svimi, meðvitundarleysi, hjartsláttartruflanir, höfuðverkur, krampi, vímuáhrif, svimi, vanlíðan, uppköst.				

Títandíoxíð					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrif, inntaka	LD <sub>50</sub>	>5000	mg/kg	rotta	OECD 425
Bráð eiturrif, ísog um húð	LD <sub>50</sub>	>5000	mg/kg	kanína	
Bráð eiturrif, innöndun	LC <sub>50</sub>	3,43	mg/L/4 klst	rotta	OECD 403
Húðæting/erting		Veldur ekki ertingu		kanína	OECD 404
Alvarlegur augnskaði		Veldur ekki ertingu			OECD 405
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt		mús	OECD 429
Stökkbreytingar gerla		Neikvætt			OECD 471
Áhrif á marklíffæri, inntaka	NOAEL	3500	mg/kg/d	rotta	90 d
Áhrif á marklíffæri, innöndun	NOAEC	10	mg/m <sup>3</sup>	rotta	90 d
Einkenni	Ertung í slímhúðum.				

## 12. Vistfræðilegar upplýsingar

### 12.1 Eiturrif:

Eimi (úr jarðolíu), vetnismeðhöndluð, þung, parafinauðug					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturrif	NOEC/NOEL	>100 mg/l	96 klst	Fiskar	OECD203
Eiturrif	LL <sub>50</sub>	>10000 mg/l	96 klst	Daphnia	OECD 202
Eiturrif	NOEC/NOEL	>=100 mg/l	72klst	Þörungur	OECD 201
Þrávirkni og niðurbrot		Tregt niðurbrot			
Leysanleiki í vatni	Óleysanlegt				

Kalsíumhýdroxíð					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LC <sub>50</sub>	50,6 mg/l	96 klst	Fiskar	ferskvatn
Eiturhrif	LC <sub>50</sub>	457 mg/l	96 klst	Fiskar	Sjór
Eiturhrif	EC <sub>50</sub>	49,1 mg/l	48 klst	Daphnia	ferskvatn
Eiturhrif	LC <sub>50</sub>	158 mg/l	48 klst	Daphnia	Sjór
Eiturhrif	EC <sub>50</sub>	185 mg/l	72 klst	Þörungar	ferskvatn
Þrávirkni og niðurbrot		Á ekki við ólífræn efni			
Uppsöfnun í lífverum		Nei			
Mat á PBT / vPvB					Flokkast ekki sem slíkt
Önnur visteiturhrif	Sýrustig fellur hratt frá upphaflegu gildi (pH 12), vegna þynningar og kolsýringar, þótt efnið megi nota til hlutleysingar of súrs vatns, getur skömmtun sem er yfir 1 g/l skaðað líf í vatni.				

Bútan					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LC <sub>50</sub>	24 mg/l	96 klst	Fiskar	QSAR
Eiturhrif	EC <sub>50</sub>	14,2 mg/l	48 klst	Daphnia	QSAR
Uppsöfnun í lífverum	LogPow	2,98			Uppsöfnun ekki líkleg
Mat á PBT / vPvB					Flokkast ekki sem slíkt

Própan					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Uppsöfnun í lífverum	LogPow	2,28			Uppsöfnun ekki líkleg
Mat á PBT / vPvB					Flokkast ekki sem slíkt

Títandíoxíð					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LC <sub>50</sub>	>100 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EC <sub>50</sub>	>100 mg/l	48 klst	Daphnia	
Eiturhrif	IC <sub>50</sub>	674 mg/l	72 klst	Þörungar	
Þrávirkni og niðurbrot		>70%			OECD 301 E
Uppsöfnun í lífverum	LogPow	1,81			
Mat á PBT / vPvB					Flokkast ekki sem slíkt
Eiturhrif á gerla	EC <sub>10</sub>	959 mg/l			OECD 209
Leysanleiki í vatni				Óleysanlegt	

## 13. Förgun

### 13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

#### Vara

Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir sem best.

Skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum:

12 01 12 (notað vax og feiti)

16 05 04 (gaskennd efni í þrýstihylkjum (þar með talin halón) sem innihalda hættuleg efni)

#### Óhreinar umbúðir

Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Hvorki skal gata, brenna eða skera í umbúðir

Skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum:

15 01 04 (málmumbúðir)

15 01 10 (umbúðir sem innihalda leifar hættulegra efna eða eru mengaðar af þeim)

## 14. Upplýsingar um flutninga

#### ADR:

UN Númer 1950  
 Efnisheiti v. flutninga: AEROSOLS  
 Hættuflokkur: 2.1  
 Þökkunarflokkur: -  
 Hættuundirflokkur: 5F  
 Jarðgangaflokkun: D  
 Mengunarhætta: Já

#### Varúðarmerking



#### IMDG:

UN Númer 1950  
 Efnisheiti v. flutninga: AEROSOLS  
 Hættuflokkur: 2.1  
 EmS: F-D, S-U  
 Þökkunarflokkur: -  
 Mengunarhætta: Já



IATA:  
UN Númer 1950  
Efnisheiti v. flutninga: AEROSOLS, FLAMMABLE  
Hættuflokkur: 2.1  
Pökkunarflokkur: -



## 15. Upplýsingar varðandi regluverk

### 15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP),  
Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP).  
VOC (EB 2010/75) <17,3%

### 15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

## 16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H304	Getur verið banvænt ef kyngt og komist í öndunarveg
H315	Veldur húðertingu
H318	Veldur alvarlegum augnskaða
H335	Getur valdið ertingu í öndunarfærum

Útgáfa/Dags: 1/07.06.2017

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

**LIQUI-MOLY GMBH**  
**SAFETY DATA SHEET according to Regulation (EC) No 1907/2006, Annex II**  
**3074 BREMSEN ANTI QUIETSCH PASTE 200 ML**

Útgáfa:

07.03.2017 Útgáfa 0009

Kemur í stað:

27.06.2016 Útgáfa 0008